

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Víktor S. Pálsson	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur (Teams)
<i>Fundarstjóri:</i>	Póra Jónasdóttir	<i>Dagsetning:</i>	12. júní 2025
<i>Fundarritari:</i>	Hildur Arna Gunnarsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13:00 – 16:00

Þátttakendur: Póra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Andrés Ingi Jónsson (f.h. DÍS), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Sveinn Rúnar Ragnarsson (fulltrúi sauðfjárbænda frá SA landi) og Grétar Már Þorkelsson (Varðstjóri hjá Lögreglunni á Suðurlandi).
Starfsmaður MAST: Hildur Arna Gunnarsdóttir (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Dagskrá

1. Lausaganga búfjár og umferð.

Áframhaldandi umræða, frekari tölfraðiupplýsingar hafa ekki borist frá lögreglunni. Umræður með hagaðilum, fulltrúi Vegagerðarinnar gat ekki mætt en fulltrúi bænda og lögreglu mætti. Grétar Már Þorkelsson kynnir fyrir fagráðinu tölfraði um ákeyrslur búfjár á SA hluta landsins. Sveinn Rúnar fór yfir þá þætti sem geta haft áhrif á fjölda ákeyrslna búfjár á svæðinu.

Niðurstaða: Fagráð aflar frekari upplýsinga frá Vegagerð um girðingar beggja vegna þjóðvega, eins viðhald þeirra. Frekari tölfraðigagna verður óskað frá lögreglu um ákeyrslur búfjár við vegi landsins, nákvæmari staðsetningar og fjölda. Skýra þarf ábyrgð á smölun og setningu lausagöngubanns.

Sveinn Rúnar Ragnarsson og Grétar Már Þorkelsson véku af fundi eftir umræður. Anna Berg vék einnig af fundi hér.

2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- a. Titill umsóknar: „Antigen-specific tolerization therapy in the L-NAME-induced preeclampsia mouse model“,
Tilgangur: Að kanna árangur ákveðinnar meðferðar við meðgöngueitrun í músamódeli.

Fyrir fundinn lá mat Hildar Örne Gunnarsdóttir sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

3. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum – Formaður ráðsins mun senda drög að ályktun í tölvupósti á næstunni.

4. Afréttarheit sauðfjár með tilliti til velferðar dýra og ábyrgðar umsjónarmanna/eiganda.

Fagráðið kallar eftir gögnum um afföll sauðfjár frá RML á afrétt og úthögum. Kallar einnig eftir lögfræðiáliti frá Bændasamtökunum um ábyrgð og tímasetningu sleppinga á afrétt og smölun utan hefðbundins tíma.

5. Drög að dagskrá næsta fundar.

- a. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna
b. Ályktun um smölun og réttir
c. Lausaganga búfjár og umferð – Framgangur mála

- d. Afréttarheit sauðffjár með tilliti til velferðar dýra og ábyrgðar umsjónarmanna/eiganda – Svör frá hagaðilum
- e. Yfirferð á vinnureglum Fagraðs um velferð dýra
- f. Fyrirkomulag eftirlits við hrefnuveiðar
- g. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:00. Áætlaður næsti fundur Fagraðs um velferð dýra er fimmtudaginn 21. ágúst 2025, kl. 13.00-15:00.

Fundargerðin samþykkt.